

Nd. 349. Frumvarp

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð rikissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð váttryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur, og í Reykjavík ef um semst, og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvílir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum; sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð, hvar sem er á landinu, hverskonar lausafé, þar með taldar verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið alla virðingarupphæðina. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í þrjá flokka og myndast af iðgjöldum til félagsins þrjár tryggingarsjóðir, hver fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir hús í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir öll hús í sveitum utan kauptúna, hvort sem þau eru í skylduábyrgð eða í frjálsri tryggingu, 2. flokkur.
3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir lausafé, sem tryggt er í félaginu, 3. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá öðrum brunabótafélögum á því, er vátryggingar, sem félagið tekur að sér, eru hærri en hér segir:

A. Hús og mannvirki.

1. Steinhús	kr.	20000.00
2. Timburhús eldvarnarklædd	—	15000.00
3. Önnur hús og mannvirki	—	10000.00

B. Lausafé.

1. Í steinhúsum	—	12000.00
2. Í timburhúsum eldvarnarklæddum ..	—	9000.00
3. Í öðrum húsum og annað lausafé ..	—	6000.00

Á meðan félagið fær ekki endurtryggingu á lausafé, er því ekki skylt að taka hærri lausafjártryggingar en að framan segir.

8. gr.

Allir þeir, sem váttryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem váttryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera váttryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Váttryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í váttryggingarskírteini.

Enga tryggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að váttryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er váttryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamála-lögnum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kaup-túnnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið.

Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabóta-upphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirri, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á eignum þeim, er tryggðar eru í félaginu, og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir váttryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta váttryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að váttryggingin byrjar, nema váttryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir váttryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar frankvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Félagið hefir umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum, sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft umboðsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvarendi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa.

21. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sam-